

# Óveðursáætlun

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Febrúar 2023

---

Almennt viðmið til að styðjast við um niðurfellingu skólahalds eru viðvaranir frá Veðurstofu Íslands. Þegar gular viðvaranir eru í gildi eru stjórnendur á varðbergi og með varann á sér varðandi skólahald en að öllu jöfnu ætti það að geta farið fram óbreytt. Þegar appelsínugular og rauðar viðvaranir frá Veðurstofu Íslands eru í gildi má búast við röskun eða niðurfellingu á skólastarfi. Staðan er metin á hvorri starfstöð fyrir sig og þá haft sértakt samráð við verktaka í skólaakstri varðandi Heiðarskóla og sveitarstjóra varðandi Skýjaborg.

## **Skýjaborg**

Þegar vont er veður er skólastarfi í grunnskólum oft aflýst en það á ekki við í leikskólum. Ekki má auglýsa lokun vegna veðurs nema það geri svo vond veður að starfsmenn komist engan veginn til vinnu.

Ákvörðun um lokun skal tekin í samráði við sveitarstjóra.

### **Viðbragðsáætlun þegar óveður geysar.**

#### **Ef óveður er þá:**

- Láta foreldrar vita sem fyrst að morgni ef barnið mætir ekki í leikskólann.
- er skynsamlegt að foreldrar hringji áður en komið er með barnið til að tryggja að einhver starfsmaður sé mættur til að taka á móti barninu.

#### **Ef leikskóla er aflýst:**

- Kemur tilkynning til foreldra með tölvupósti.
- Sendir leikskólastjóri eða deildarstjórar skilaboð til foreldra í gegnum Karellen.
- Ef óveðri slotar er mögulegt að opna leikskólann síðar en áætlaðan opnunartíma (7:30). Leikskólastjóri sendir foreldrum tölvupóst um opnun og mikilvægt er að foreldrar láti leikskólann vita ef von er á börnum í leikskólann upp á starfsmannaþörf, nema annað sé tekið fram í póstinum. Foreldrar í framlínustörfum hafa forgang með börn í leikskólann.

#### **Ef skellur á vont veður meðan börnin eru í leikskólanum:**

- Hringir leikskólastjóri í foreldra og þeir beðnir um að sjá til þess að börnin verði sótt eins fljótt og auðið er, svo fjölskyldur og starfsmenn komist til síns heima.

---

## Heiðarskóli

Mikilvægt er að foreldrar fylgist sjálfir með veðri og veðurspám þar sem veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verid mjög mismunandi eftir svæðum. Það er á ábyrgð foreldra hvort þeir senda börn sín í skólann eða í skólabílinn og þeir leggja sjálfir mat á hvort þeir treysta barni sínu í skólann þótt engin tilkynning hafi borist um niðurfellingu skólahalds.

Taki foreldrar ákvörðun um að hafa barn sitt heima vegna veðurs, ófærðar eða veðurspár þurfa þeir að tilkynna það sem fyrst í síma 892 2879 varðandi skólaaksturinn og síðar til skólans í síma 433 8525 eða senda tölvupóst. Skólinn lítur á slík tilvik sem eðlileg forföll.

Um er að ræða tvö viðbúnaðarstig vegna veðurs:

### Viðbúnaðarstig 1

Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og barna við að komast til skóla; **foreldrar fylgi börnum sínum í rútuna.**

Verktaki í skólaakstri og skólastjórnendur meta aðstæður með tilliti til öryggis barna varðandi skólaakstur. Starfsmenn meta aðstæður og mæta til vinnu ef mögulegt er út frá öryggissjónarmiðum.

Ef veðurspá er þess eðlis að gera megi ráð fyrir að óveður geysi í morgunakstri eru foreldrar og starfsmenn upplýstir í tölvupósti deginum áður um seinkun á skólastarfi morguninn eftir um eina eða tvær klukkustundir. Komi hins vegar upp ófyrirséðar slæmar veðuraðstæður að morgni rétt fyrir akstur er send út tilkynning í sms og tölvupósti á foreldra og starfsmenn um seinkun um eina eða tvær klukkustundir svo fljótt sem auðið er.

Einnig er mögulegt að seinkun um óákveðinn tíma geti orðið á einstaka akstursleiðum vegna veðurs eða færðar. Ef slíkt kemur upp er sendur tölvupóstur á foreldra viðkomandi barna um það.

Geysi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða er til að foreldrar sækji börn sín. Þá er haft samband við foreldra barna um þá tilhögun, umsjónarkennarar hvers hóps sjá um það.

Eins er hugsanlegt að börnin verði keyrð fyrir heim ef veðurspá gefur tilefni til. Þá er sendur tölvupóstur og sms tilkynningar á foreldra og umsjónarkennarar á yngsta stigi hringja heim til foreldra og tilkynna um það.

---

## Viðbúnaðarstig 2

Skóli fellur niður. Verktaki í skólaakstri og skólastjóri eða staðgengill hans ákveða í samráði hvort aflýsa eigi skóla vegna veðurs, færðar eða veðurveðvarana. Ef mögulegt er kanna skólabílstjórar sínar leiðir með tilliti til veðurs og færðar á hverju svæði áður en ákvörðun er tekin. Verktaki og skólastjóri ásamt staðgengli hans eru:

Gunnar Gunnarsson, verktaki í skólaakstri: 612 7879 / 892 2879

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri: 433-8525 / 899-5156

Sigurður Þ. Sigurþórsson, staðgengill skólastjóra 892-2267

Ef þörf er á er haft samband við íbúa í sveitarfélaginu til að kanna aðstæður á einstökum svæðum, þeir eru:

Árdís Hauksdóttir, Skólastíg 1: 433-8858 / 864-2649

Axel Helgason, Þórristaðir: 571-2264 / 897-5188

Þórdís Þórisdóttir, Bjarteyjarsandi: 552-9394 / 696-8510

Lilja Guðrún Eyþórsdóttir, Reyn: 431-2910 / 863-4967

Elín Ósk Gunnarsdóttir, Belgsholt: 433-8880 / 866-2058

### Verkferill á viðbúnaðarstigi 2:

Gul viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið: Verktaki í skólaakstri og skólastjóri hafa varann á sér og meta aðstæður, að öllum líkindum engin röskun á skólastarfi.

Appelsínugul viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið: Verktaki í skólaakstri og skólastjóri meta aðstæður, skólahald gæti fallið niður.

Rauð viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið: Verktaki í skólaakstri og skólastjóri meta aðstæður, skólahald fellt niður.

### Ef skóla er aflýst:

- Senda sms á starfsfólk og foreldra eins fljótt og unnt er.

- 
- Koma upplýsingum á heimasíðu skólans
  - Senda tilkynningu í tölvupósti til starfsmanna og foreldra.